



1701015

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Rangárþing ytra
B.t. sveitarstjóra
Suðurlandsvegi 1
850 Hellu

Reykjavík 1. júlí 2019
Tilv.: MMR17050058/6.14.2-

Efni: Upplýsingar um framkvæmd umbóta mótteknar

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Grunnskólanum á Hellu.

Markmið með úttektinni var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans.

Ráðuneytið óskaði í bréfi dags. 3. júní sl. eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2019-2020.

Ráðuneytið hefur nú mótttekið upplýsingar um framkvæmd umbótaáætlunar sveitarfélagsins og Grunnskólans á Hellu dags. 25. júní 2019 þar sem gerð er grein fyrir umbótum sveitarfélagsins og skólans fram til júní 2019. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar.

Í maí 2020 mun ráðuneytið óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaáætlunar fram að þeim tíma.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Lára Ásbergisdóttir


Sunna Viðarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og skólaráð Grunnskólans á Hellu og skólanefnd Rangárþings ytra